



Skýrsla um samráð

Efni samráðs

Grænbók um mannréttindi (verkefnaáætlun og tímalína verkefnis)

Samráð hófst

30.03.2022

Samráði lauk

01.05.2022

Fjöldi umsagna

7

Umsagnaraðilar

Alls bárust 7 umsagnir, allar frá hagsmunasamtökum sem starfa á sviði mannréttinda. Þau samtök sem skiluðu inn umsögn voru Landssamtökin Þroskahjálp, Mannréttindaskrifstofa Íslands, UN Women Ísland, Rauði krossinn á Íslandi, Barnaheill - Save the Children á Íslandi, Öryrkjabandalag Íslands og Kvenréttindafélag Íslands.

Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Verkefnaáætlun og tímalína verkefnisins var birt í lok mars í samráðsgátt Stjórnarráðsins til umsagnar og frestur til að skila inn umsögnum var til 1. maí 2022.

Umsagnaraðilar fagna þeirri ákvörðun forsætisráðherra að hefja vinnu við Grænbók um mannréttindi og þar með undirbúning stofnunar mannréttindastofnunar.

Umsagnaraðilar minna á mikilvægi þess að starfsemi og sérfræðipekking Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) sé nýtt við stofnun nýrrar sjálfstæðrar mannréttindastofnunar. Auk þess er vænst að virkt samráð verði við skrifstofuna sem og aðildarfélag hennar. Samtökin ítreka að þau séu tilbúin að leggja vinnu við Grænbók lið og óska eftir því að fleiri samráðsfundir verði haldnir.

Í umsögnum er lögð áhersla á að tryggja þurfi sjálfstæðri mannréttindastofnun nægjanlegt fjármagn svo hún geti sinnt verkefnum sínum með sóma.

Telja umsagnaraðilar að mikilvægt sé að ný stofnun hafi sjálfstæði til þess að ráða útfærslu Parísarviðmiða SP og áherslum í starfsemi til að geta t.d. ákveðið að veita einstaklingum, félagasamtökum og stofnunum ráðgjöf og upplýsingar sem og að standa að fræðslu um mannréttindi.

Búið er að vinna úr umsögnum og þær verða áfram hafðar til hliðsjónar. Grænbókin verður áfram unnin í reglulegu samráði við Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Samantekt á hverri umsögn má finna neðst í skjalinu. Umsagnir má lesa í heild sinni í samráðsgátt.¹

Að loknu samráði

Umsagnir verða nýttar inn í vinnu við Grænbók um mannréttindi. Þar að auki hefur aðildarfélögum Mannréttindaskrifstofu Íslands verið boðið upp á sérstaka samráðsfundi til að tryggja að öll sjónarmið komi fram með skýrum hætti. Þetta er gert í samræmi við áherslur um víðtækt samráð í vinnu við Grænbók.

¹ Sjá [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3187](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3187)

Samantektir um einstakar umsagnir

Landssamtökin Þroskahjálp

Áréttaðar eru samráðsskyldurnar í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem koma fram í 4 gr. og 33 gr. samningsins. Mjög mikilvægt er að við þetta samráð verði þess sérstaklega gætt að taka fullt tillit til aðstæðna.

Þroskahjálp ítrekar að við samráðið verði þess sérstaklega gætt að taka fullt tillit til aðstæðna og þarfa fatlaðs fólks, þ.m.t. fólks með þroskahömlun eða skyldar fatlanir og að sérstaklega verði hugað að viðeigandi aðlögun til að tryggja að fólki verði ekki mismunað á grundvelli fötlunar hvað varðar tækifæri til að taka virkan þátt í gerð Grænbókar og að koma reynslu sinni og sjónarmiðum á framfæri á öllum stigum þeirrar vinnu.

Þeim fyrirætlunum stjórnvalda um að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði lögfestur og „stofnuð ný Mannréttindastofnun“ er fagnað. Þroskahjálp lýsir hins vegar vonbrigðum með að ekki hafi verið komið á fót sjálfstæðri mannréttindastofnun sem uppfyllir skilyrði Parísar-meginreglnanna nú rúmlega fimm árum eftir fullgildingu samnings SP um réttindi fatlaðs fólks og að það sé ekki skýrt hvenær það verði. Að lokum er forsætisráðherra hvattur til að beita sér fyrir fullgildingu valkvæðs viðauka við samninginn.

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) skila inn ítarlegustu umsögninni og í hana er oft vísað í öðrum umsögnum og stjórnvöld hvött til að taka mið af henni í vinnu sinni við Grænbók um mannréttindi.

MRSÍ fagnar ákvörðun ráðherra um að hefja vinnu við Grænbók um mannréttindi og undirbúningi að stofnun sjálfstæðrar innlendrar mannréttindastofnunar, og telur nauðsynlegt að setja koma á fót mannréttindastofnunum sem vinna að eflingu og verndun mannréttinda á breiðum grunni til þess að koma mannréttindum raunverulega í framkvæmd.

MRSÍ ítrekar mikilvægi sjálfstæðis slíkrar stofnunar. Þó svo að ný stofnun muni vinna samkvæmt Parísarviðmiðum Sameinuðu þjóðanna eigi slík stofnun að vera sjálfstæð í störfum sínum og að ráða útfærslu viðmiðanna og áherslum í starfsemi sinni. Skrifstofan telur að sjálfstæð innlend mannréttindastofnun á Íslandi eigi að vera sjálfráð að verkefnum sínum í þeim skilningi að t.d. kjósa að veita einstaklingum, félagasamtökum og stofnunum ráðgjöf og upplýsingar sem og að standa að fræðslu um mannréttindi o.s.frv.

MRSÍ væntir þess að leitað verði til þeirra og aðildarfélaga þeirra á öllum stigum ferlisins, eftir samráði, ráðgjöf, tillögum og upplýsingum í samræmi við samræður þeirra við starfsfólk FOR. Skrifstofan óskar jafnframt eftir því að boðað verði til fleiri samráðsfunda með MRSÍ, öllum aðildarfélögum þeirra og öðrum frjálsum félagasamtökum áður en Grænbók verður kynnt í samráðsgátt stjórnvalda í janúar 2023.

Skrifstofan leggur áherslu á að stjórnvöldum beri skylda til að tryggja að slíkri stofnun verði tryggður nægur mannaflí og fé til að geta sinnt sínu hlutverki og verkefnum.

MRSÍ telur mikilvægt að við alla undirbúningsvinnu verði samsetning stjórnar þegar höfð í huga og að þess verði gætt að hana skipi einstaklingar með sérþekkingu á mannréttindum. Þá mætti og hugsa sér að skipuð yrði ráðgjafanefnd sérfræðinga á sviði mannréttinda.

MRSÍ telur að skoða þurfi vel hvort innlend lagasetning uppfylli og samræmist skilyrðum alþjóðlegra mannréttindaskuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist. Nefnd eru Lögræðislög nr. 71/1997 sem dæmi um lög sem uppfylla ekki skilyrði Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Jafnframt telur skrifstofan mikilvægt að kannað verði hvernig mannréttindalöggjöf er framfylgt hér á landi og bendir á að í ákveðnum tilfellum hafi lagaframkvæmd samræmist ekki túlkun alþjóðlegra eftirlitsnefnda á einstökum ákvæðum mannréttindasamninga.

MRSÍ leggur til að nýrri mannréttindastofnun verði falið það hlutverk að yfirfara öll lagafrumvörp með hliðsjón af því hvort efni þeirra samræmist mannréttindalöggjöf og alþjóðlegum mannréttindaskuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist.

MRSÍ hefur ítrekað lýst því yfir að hún sé reiðubúin að gegna formlega hlutverki sjálfstæðrar og óháðrar stofnunar í samræmi við Parísarviðmiðin. Telja þau það góðan kost að byggja á þekkingu og reynslu stofnunarinnar og sem og alþjóðlegum tengslum hennar. Farið er yfir hlutverk og verkefni skrifstofunnar ítarlegum hætti í umsögninni.

UN Women Ísland

UN Women á Íslandi styður við markmið íslenskra stjórnvalda um Grænbók um mannréttindi og hvetja til skjótrar afgreiðslu málsins á þingi þar sem það hefur lengi verið í bígerð og vísa þar til draga að frumvörpum um sjálfstæða mannréttindastofnun Íslands frá 2016 og 2019.

Bent er á að Grænbók muni vera gagnleg til að fá yfirlit yfir stöðu mannréttindamála á Íslandi, sér í lagi nú þegar vitað er að ákveðið bakslag hefur átt sér stað í mannréttindabaráttu jaðarsettra hópa á Íslandi, og að öll tölfræði og gögn sem varpa ljósi á stöðuna séu af hinu góða.

Samtökin óttast að í enn eitt skiptið muni fjara undan verkefninu. Þau benda á að við undirbúning fyrri frumvarpa hafi þegar átt sér stað samtal við frjáls félagasamtök og hagaðila. Bent er á að það mætti huga að því að hraða ferlinu og notast við þá vinnu sem nú þegar hefur verið unnin.

Samtökin ítreka að grundvöllur fyrir sjálfstæði mannréttindastofnunar sé að henni sé tryggður mannaflí og fjármunir til að geta sinnt sínu hlutverki sómasamlega.

UN Women á Íslandi tekur heilshugar undir umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Rauði krossinn á Íslandi

RKÍ fagnar vinnu við Grænbók um mannréttindi og meðfylgjandi verkefnaáætlun.

Samtökin benda á umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um Grænbókina. Starfsmenn félagsins munu leggja vinnu við Grænbók lið eins og kostur er.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagnar vinnu við Grænbók um mannréttindi.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi segir það mikilvægt að að skoða gaumgæfilega stöðu mannréttinda barna við vinnu á Grænbók á mannréttindum og að tryggja verði að þekking á því réttarsviði verði til staðar þegar Mannréttindastofnun hefur starfsemi sína.

Samtökin benda á að í almennum athugasemdum Barnaréttarnefndarinnar nr. 2 frá árinu 2003 var sérstaklega fjallað um mikilvægi innlendra mannréttindastofnana og hlutverk þeirra fyrir mannréttindi barna ([sjá hér](#)).

Samtökin undirstrika einnig mikilvægi þess að tryggja börnum rétt til að kvarta um brot á réttindum sínum til innlendar mannréttindastofnunar og að þeim verði auðveldað eins og kostur er að senda inn kvartanir sínar, krefjast úrbóta og að brotum gegn þeim verði hætt. Þá er bent á að í lokaathugasemdum Barnaréttarnefndarinnar til Íslands vegna þriðju og fjórðu úttektar á framkvæmd Barnasáttmálans á Íslandi var íslenska ríkið hvatt til að tryggja nægilegt fjármagn til að börnum yrði gert kleift að beita rétti sínum til að kvarta undan brotum gegn þeim um réttindi Barnasáttmálans.

Barnaheill ítrekar nauðsyn þess að Mannréttindaskrifstofa Íslands, þeirra reynsla og þekking verði nýtt við uppbyggingu nýrrar Mannréttindastofnunar.

Samtökin eru boðin og búin að taka þátt í undirbúningi og samráði við gerð Grænbókar um mannréttindi á Íslandi.

ÖBÍ

ÖBÍ fagnar þeirri ákvörðun forsætisráðherra um að hefja vinnu við Grænbók um mannréttindi og undirbúningi á stofnun sjálfstæðrar mannréttindastofnunar.

ÖBÍ fagnar því að í verkáætlun Grænbókar kemur fram að leita eigi til MRSÍ á öllum stigum ferlisins, eftir samráði, ráðgjöf, tillögu, og upplýsingum. Samtökin vænta þess þó að samráð verði viðhaft við þau og önnur aðildarfélög MRSÍ, á öllum stigum ferlisins. Mikilvægt sé að sérfræðiþekking aðildarfélaganna nái að endurspegla þá vinnu sem framundan er.

Samkvæmt tímalínu verkefnisins, sem lögð var fram í samráðsgátt, virðast ekki fleiri fundir á dagskrá og þess óskað að til fleiri funda verði boðað. ÖBÍ telur mikilvægt að vinnan verði kynnt jafnóðum og að hagsmuna- og félagasamtök taki þátt í ferlinu, til þess að geta leiðbeint stjórnvöldum með sérþekkingu sinni í ferlinu öllu, ekki einungis í gegnum samráðsgátt stjórnvalda.

ÖBÍ hvetur til þess að stjórnvöld tryggi að ný og sjálfstæð mannréttindastofnun sé nægilega stöndug til að sinna allri mannréttindagæslu í íslensku samfélagi. Samtökin telur þriggja starfsmanna skrifstofu ekki geta sinnt verkefnum mannréttindastofnunar. Samtökin vona jafnframt að gefinn verði gaumur að því hvert umfang stofnunarinnar kemur til með að verða, að öðrum kosti sé ólíklegt að markmið hennar og tilgangur náist.

Að auki vísar ÖBÍ á umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands.

ÖBÍ vill leggja þessari vinnu lið eins og kostur er.

Kvenréttindafélag Íslands

Kvenréttindafélag Íslands fagnar því að vinna sé hafin á ný við stofnun sjálfstæðrar mannréttindastofnunar.

Sem eitt aðildarféлага að MRSÍ hvetur Kvenréttindafélag Íslands til þess að reynsla, þekking, tengslanet og í raun öll starfsemi MRSÍ verði nýtt við stofnun innlendar mannréttindastofnunar enda væri það stjórnvöldum til mikils hagræðis, sparar jafnt umtalsverðan kostnað, vinnu, tengslamyndun o.fl.

Kvenréttindafélag Íslands leggur áherslu á það að aðildarfélög MRSÍ verði höfð með í öllu ferlinu þegar kemur að því að setja upp sjálfstæða mannréttindastofnun, þar sem þau eru fulltrúar þeirra hópa sem mannréttindaskrifstofa kemur m.a. til með að sinna. Félagið biðlar til stjórnvalda að fleiri fundir verði haldnir með bæði MRSÍ og aðildarfélögum þess, sem og öðrum frjálsum félagasamtökum áður en Grænbók verður kynnt. Kvenréttindafélag Íslands telur mikilvægt að vinnan verði kynnt jafnóðum og að félagasamtök fái að vera með í ferlinu, til þess að geta leiðbeint stjórnvöldum með sérþekkingu sinni í ferlinu öllu, ekki einungis í gegnum samráðsgátt.

Kvenréttindafélag Íslands hvetur enn fremur til þess að stjórnvöld tryggi að ný og sjálfstæð mannréttindastofnun sé nægilega stöndug til að sinna allri mannréttindagæslu í íslensku samfélagi. Félagið telur þriggja starfsmanna skrifstofu ekki geta sinnt verkefnum mannréttindastofnunar.

Félagið telur mikilvægt að ný stofnun muni sinna fræðslu og ráðgjöf við einstaklinga og samtök, sem er nú stór hluti þess starfs sem núverandi mannréttindaskrifstofa sinnir. Í verkefnaáætlun að mannréttindastofnun eru þessi verkefni ekki nefnd.